



Stjórn SSH 515. fundur

Mánudaginn 30. nóvember 2020, kl. 12:00, kom stjórn SSH saman til fundar með fjarfundarbúnaði.

Fundinn sátu: Ármann Kr. Ólafsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Dagur B. Eggertsson, Haraldur Sverrisson, Karl Magnús Kristjánsson, Rósa Guðbjartsdóttir stjórnarmenn í SSH, Gunnar Einarsson formaður stjórnar og Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og gengið var til dagskrár.

1. Málafni skíðasvæðanna / málsnr. 1501005

Áframhaldandi umræða frá 511. fundi um stöðu mála og næstu skref en spurningar til tilboðsgjafa hafa verið sendar út og svör við þeim greind. Gestir fundarins undir þessum lið eru Björg Fenger fulltrúi í samstarfsnefnd Skíðasvæðanna, Magnús Árnason framkvæmdastjóri Skíðasvæðanna og Ómar Einarsson sviðsstjóri ÍTR. Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH kynnir minnisblað verkefnahóps um uppbyggingu í Skíðasvæðunum um hugsanleg næstu skref.

Niðurstaða fundar:

Kynning fer fram í Skíðanefnd sveitarfélaganna hinn 2. desember nk. Verkefnahópur um uppbyggingu á Skíðasvæðunum leggur frekari tillögur um framvindu þessa verkefnis, ásamt nánari upplýsingum um ferlið, fyrir næsta fund stjórnar SSH hinn 7. desember nk. Í framhaldi af því verði tillögurnar sendar sveitarfélögunum.

2. Skilavegir – yfirfærsla vega til sveitarfélaga / málsnr. 1910012

Framhald umræðu frá fyrri fundum. Á 514. fundi stjórnar hinn 23. nóvember 2020 var ákveðið að halda kynningarfund um stöðu mála fyrir bæjar- og borgarfulltrúa og þingmenn höfuðborgarsvæðisins. Gestur fundarins undir þessum lið er Birgir Björn Sigurjónsson. Páll Björgvin Guðmundsson kynnir stöðu viðræðna um yfirfærslu skilavega.

Niðurstaða fundar:

Umræddur fundur verði haldinn föstudaginn 4. desember kl 8:00 þar sem viðræður, staða þeirra og afstaða sveitarfélaga verði kynnt fyrir þátttakendum.

3. Undirbúningur Borgarlínu / málsnr. 1903002

Umræður um kynningu á frumdrögum fyrstu lotu Borgarlínu. Fundargerðir framkvæmdastjórnar Verkefnastofu Borgarlínu lagðar fram til kynningar. Gestur fundarins undir þessum lið er



Hrafnkell Á Proppé, verkefnastjóri Borgarlínu. Útgáfa er áætluð um miðjan desember og í kjölfarið fari fram víðtækar kynningar.

Niðurstaða fundar:

Kynning á frumdrögunum fari fram á næsta fundi stjórnar SSH hinn 7. desember nk.

4. Sóknaráætlun 2020-2024 / málsnr. 1906002

Meðal áhersluverkefna í sóknaráætlun 2020–2024 er að stofna sjóð til að styðja við nýsköpunarverkefni á sviði ferðapjónustu og sjálfbærni. Á 499. fundi stjórnar SSH hinn 6. júlí 2020 var samþykkt að hefja starfrækslu sjóðsins. Á grundvelli þess stendur nú fyrir dyrum að auglýsa eftir umsóknum um styrki og liggur fyrir fundinum að samþykkja auglýsinguna svo og að taka afstöðu til starfsreglna sjóðsins, en fyrirbyggjandi drögum hefur verið breytt lítillega til að einfalda ferli við framkvæmdina. Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfræðingur SSH, kynnir ofangreint.

Niðurstaða fundar:

Stjórn samþykkir fyrirbyggjandi tillögur að breyttum starfsreglum sjóðsins og að auglýsing eftir styrkumsóknum verði birt, en umsóknarfrestur verður til 31. desember nk. Skipun fulltrúa SSH í úthlutunarnefnd er frestað til næsta fundar stjórnar SSH sem haldinn verður 7. desember nk.

5. Samgöngusáttmálinn / málsnr. 2003010

Lagt fram yfirlit og minnisblað frá SSH um framlög frá aðildarsveitarfélögum. Þá liggur fyrir minnisblað Vegagerðarinnar um stöðu verkefna. Páll Björgvin Guðmundsson kynnir ofangreint.

Umræður.

6. Umferðarljósastýringar á höfuðborgarsvæðinu – niðurstöðu úttektar / málsnr. 2011013

Lögð fram skýrsla með niðurstöðum úttektar SWECO á umferðarljósastýringum á höfuðborgarsvæðinu ásamt kynningarglærum og erindisbréfi samstarfshóps sveitarfélaganna og Vegagerðarinnar um umferðaljósastýringar.

Niðurstaða fundar:

Skrifstofu SSH falið að senda fyrirbyggjandi gögn til sveitarfélaganna.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 14:00